

## Hverfisráð Grímseyjar

### 18. fundur

#### Íbúafundur í Múla, Grímsey 15. nóvember 2013 kl.16:00

Hverfisráð Grímseyjar ákvað að funda með íbúum og fá fram þeirra sjónarmið varðandi áherslur og brýn mál.

Fundinn undirbjuggu og sátu hverfisráðsmennirnir:  
Jóhannes Henningsson, formaður og Sigrún Þorlákssdóttir

Mæting var fremur dræm.

#### Fundargerð

1. Jóhannes formaður setti fundinn og tók til máls
2. Mikil og heit umræða út af byggðakvótanum.
3. Hverfisnefndin ætlar að tala við Arnar Friðriksson um fargjöld, Norlandair.
4. Sú hugmynd kom að „Hringja í Sigmund Davíð og biðja hann um að koma og slökkva ljósin í eygni á eftir þeim síðustu í land.“+

Eftirtöldum málum, sem fram komu á fundinum vísar hverfisráð til umfjöllunar og úrlausnar í bæjarkerfinu:

5. Snjómokstur fyrir 8 á morgnanna, hreinsa betur. Oft er illfært sunnan af eygni fyrir skólabörnin og ekki mokað fyrr en eftir að skóli er hafinn á daginn.
6. Sliskja fyrir litla báta í innri höfninni, ath. líka öryggisatriði fyrir sjómenn að björgunarsveitin geti sjósett sinn bát á sem skemmstum tíma.
7. Það þarf að hreinsa undan ristarhliðinu sem er fyrir norðan og ofan flugvöllinn. Gerir ógagn eins og staðan er núna.
8. Ljós á leikvöllinn við skólann, dren í kring og slétta svæðið fyrir ofan leiksvæðið.
9. 1 – 2 heilsárshús vantar til að fólk geti flutt á staðinn, eins og staðan er núna vantar íbúðir fyrir t.d. fjölskyldufólk sem hefur áhuga á að koma í eygna.
10. Fá einn starfsmann í fullt starf til að sinna því sem til fellur, s.s. á hafnarsvæðinu, við slátt og margskonar lagfæringar á svæði og eignum Akureyrarbæjar.

Fundi slitið kl.17:30